

Tillaga um húsnæðismál fatlaðs fólks

Bærstjórn samþykkir að fela fjölskyldusvið Garðabæjar í samráði við fjölskylduráð að yfirfara verklag við gerð áætlana um útvegum viðeigandi húsnæðis fyrir fatlað fólk, þ.m.t. aðgengi fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra að upplýsingum um stöðu þeirra á biðlistum bæjarins.

Stefnt skal að því að niðurstaða yfirferðar fjölskylduráðs og fjölskyldusviðs liggi fyrir til kynningar í bæjarráði eigi síðar en í lok nóvember nk.

Greinargerð:

Búsetukjarni við Unnargrund fyrir sex fatlaða einstaklinga var tekinn í notkun á árinu 2019, nú í september 2022 hófust framkvæmdir við nýjan búsetukjarna fatlaðs fólks með sex íbúðum við Brekkuás og áform eru um uppbyggingu búsetuúrræða í Hnoðraholti.

Markmið með vinnu fjölskyldusviðs og fjölskylduráðs er að stytta enn frekar biðlista eftir sértæku húsnæði fatlaðs fólks í Garðabæ og að fatlað fólk og aðstandendur þeirra sem samþykktir hafa verið á biðlista eigi greiðan aðgang að upplýsingum um stöðu sína á biðlistum og áætlunum um hvenær þeir megi vænta úrlausnar sinna húsnæðismála.

Gunnar Valur Gíslason, formaður fjölskylduráðs

Björg Fenger, formaður bæjarráðs